

Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um skráningu undanþága vegna aðgengis fatlaðra:

Fulltrúi Sjálfstæðisflokksins leggur til að aðgengis- og samráðsnefnd beini þeim tilmælum til umhverfis- og skipulagssviðs að uppfæra verkferla með það að leiðarljósi að skrá og halda utan um undanþágur og undanþágubeiðnir vegna aðgengis fyrir fatlaða.

Fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins vegna aðgengismála – óskað er eftir því að fyrirspurn sé vísað til viðeigandi fagsviðs:

- A. Með hvaða hætti er beiðni um undanþágu metin og afgreidd? Enn fremur er óskað eftir upplýsingum um hvort rökin fyrir samþykkt séu skrásettar.
- B. Eru samþykktar undanþágur sérstaklega kynntar fyrir kjörnum fulltrúum í fagráðum sem fara með aðgengis- og skipulagsmál?
- C. Er lagt fram skriflegt mat byggingarfulltrúa eða einungis munnleg umsögn um afgreiðslur undanþága?
- D. Eru undanþágur veittar á grundvelli ákveðinna vinnureglna þar um eða einungis huglægt mat starfsmanns byggingarfulltrúa hverju sinni?
- E. Ef þetta er gert á grunni einhverra vinnureglna, hverjar eru þær?